



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

[www.umhverfissinnar.is](http://www.umhverfissinnar.is)  
Pósthússtræti 3-5  
101 Reykjavík

Einnig sent á: [haralduarb@althingi.is](mailto:haralduarb@althingi.is), [hallasignv@althingi.is](mailto:hallasignv@althingi.is),  
[gudjonb@althingi.is](mailto:gudjonb@althingi.is), [bergethorola@althingi.is](mailto:bergethorola@althingi.is), [sigurdurpall@althingi.is](mailto:sigurdurpall@althingi.is).

5. apríl 2018

## Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi vegna uppbyggingar á Vestfjarðavegi, 461. mál 148. löggjafarþings 2017-2018.

Ungir umhverfissinnar benda á að frumvarpið felur í sér inngrip löggjafans í hlutverk framkvæmdavaldsins og stangast þ.a.l. á við 2. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er fjallar um þrískiptingu valdsins.

Enn fremur felur frumvarpið í sér það sjónarmið að velja kost sem hefur meiri neikvæð umhverfisáhrif en þörf er á skv. mati á umhverfisáhrifum, í stað þess að velja þann kost sem hefur minnst neikvæð umhverfisáhrif af þeim sem framkvæmdaraðili telur raunhæfa, þ.e. jarðgöng í gegnum Hjallaháls.

Helstu rökin fyrir því að valda meiri umhverfisspjöllum hljóta að vera kostnaðarsjónarmið en í séráliti varaoddvita Reykhólahrepps við afgreiðslu aðalskipulagsbreytingar vegna málsins, sbr. fundargerð 418. fundar sveitarstjórnar Reykhólahrepps, er m.a. réttilega bent á að “skammtíma fjárhagshagsmunir eiga ekki að ráða för þegar teknar eru ákvarðanir um framkvæmdir sem valda óafturkræfu raski á viðkvæmri náttúru og lífríki”. Félagið tekur undir með varaoddvita Reykhólahrepps og þykir ljóst að réttur komandi kynslóða sé ekki virtur nema farin sé sú leið sem hefur minnst neikvæð umhverfisáhrif, enda sé náttúruverndargildi Breiðafjarðar og Teigsskógs ekki minniháttar.

Því ber að halda til haga að núverandi staða er vissulega slæm en þrátt fyrir það þykir félaginu augljóst að ef framkvæmdarvaldið hefði frá upphafi tekið fullt mið af umhverfisáhrifum þá væri framkvæmdinni nú þegar lokið. Sé horft til langs tíma er því ekki réttlætanlegt að komandi kynslóðir þurfi að líða fyrir óvandaða stjórnslu fortíðarinnar, heldur þurfi núverandi kynslóðir að axla ábyrgð og sýna biðlund í þágu þeirra sem á eftir okkur koma.

Félagið vill því beina því til þingmanna að nýta stöðu sína til að tryggja umhverfisvænni kostinum fjármagn í samgönguáætlun, í stað þess að beita ólögumætum úrræðum sem ekki eru til þess fallin að skapa sátt um málefnið eða störf Alþingis almennt.

Flutningsmönnum frumvarpsins er því óskað góðs gengis við bætt verklag og er það von Ungra umhverfissinna að allir aðilar ríkisvaldsins stilli saman strengi sína í þágu umhverfisverndar, enda er samfélaginu orðið ljóst að betur má ef duga skal.

f.h. stjórnar Ungra umhverfissinna

  
Pétur Halldórsson, formaður

S. 848-3540, [petur@umhverfissinnar.is](mailto:petur@umhverfissinnar.is)